

Úrskurður

Agamál nr. 43/2017-2018

Viðburður:	Leikur Þór Þorlákshafnar gegn Keflavík í Dominos deild mfl. kk. sem leikinn var þann 2. febrúar 2018
Kærði:	Dominique Elliot
Kærandi/ur:	Dómaranefnd KKÍ

Málavextir

Með kæru dómaranefndar KKÍ, dags. 4. febrúar 2018, fylgdi myndband af hinu kærða atviki. Kom fram af hálfu dómaranefndar að í myndbandinu sæist hvernig hinn kærði slái leikmann Þórs Þorlákshöfn í höfuðið. Í kærinni segir að dómara leiksins hafi ekki séð atvikið og dæmdu því ekkert. Með vísan í ákvæði 7. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd var lögð fram kæran. Einnig vísaði dómaranefnd í grein 37.1.1. í leikreglum FIBA þar sem segir að öll gróf óíþróttamannsleg hegðun leikmanns eða liðsmanna á varamannabekk sé brottrekstrarvilla.

Engar athugasemdir bárust frá hinum kærða eða félagi hans.

Rökstuðningur

Skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir „reglugerðin“) hefur dómaranefnd KKÍ sérstakan kæru- og ábendingarrétt til aga- og úrskurðarnefndar. Jafnframt hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða um öll önnur mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna körfuknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Í 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir að aga- og úrskurðarnefnd sé heimilt að taka til meðferðar kæru eða ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óbyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum. Með vísan til framangreinds tekur nefndin málið fyrir.

Af myndbandsupptökunni má sjá að hinn kærði og leikmaður nr. 13 hjá Þór Þorlákshöfn eru fjarri boltanum þegar hið kærða atvik á sér stað. Leikmaður Þórs snýr baki í hinn kærða við skottlraun Keflvíkur. Í sömu mund lyftir hinn kærði olnboga sínum upp í höfuðhæð og slær leikmann Þórs í hnakkann sem dettur við það í gólfið. Að mati nefndarinnar hefði þessi háttsemi verðskuldað brottrekstrarvillu, ef dómara hefðu séð atvikið.

Nefndin telur að háttsemi hins kærða falli undir verknaðarlýsingu d) liðar 13. gr. reglugerðarinnar en þar segir m.a. að hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað vegna viljandi líkamsmeiðingar eða tilraunar til slíks þá skuli aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í þriggja leikja bann. Af því leiðir að ef háttsemi

leikmanns fellur undir d) lið 13. gr. reglugerðarinnar ber nefndinni að úrskurða viðkomandi í þriggja leikja bann. En þar sem hinum kærða var ekki veitt brottrekstrarvilla í leiknum, sem er skilyrði fyrir því að beita ákvæði d) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, er ekki hægt að byggja viðurlög alfarið á þeim grundvelli. Nefndin telur þó að framangreint sé til leiðbeiningar um viðurlög. Aftur á móti segir í ákvæði j) liðar 13. gr. reglugerðarinnar að sé aðili kærður til aga- og úrskurðarnefndar sem hafi ekki verið vísað af leikvelli eða leikstað sé aga- og úrskurðarnefnd heimilt að dæma viðkomandi í tímabundið leikbann.

Með vísan til ákvæðis j) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. til hliðsjónar d) lið 13. gr. reglugerðarinnar, skal hinn kærði sæta þriggja leikja banni vegna hins kærða atviks.

Úrskurðarorð

Hinn kærði, Dominique Elliot, skal sæta þriggja leikja banni vegna háttsemi sinnar í leik Þór Þorlákshafnar gegn Keflavík í Dominos deild mfl. kk. sem leikinn var þann 2. febrúar 2018.

Reykjavík 7. febrúar 2018

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður

Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður

María Káradóttir

Birkir Guðmundarson